



## Fundargerð

### 501. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, sunnudaginn 28. janúar 2024, klukka, 13:00.

#### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jenson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti, setti fundinn klukkan 13.00 og bauð fundarmenn velkomna.

#### Fundargerð

1. 2401002F - Skipulagsnefnd-190. fundur, frá 25. janúar 2024.

1.1 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

##### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 190

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breytingarnar sem gerðar hafa verið á tillögunni verði samþykktar og skipulagsfulltrúa falin fullnaðarafgreiðsla á deiliskipulaginu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.2 2312001 - Hrífunes 2A

##### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 190

Skipulagsnefnd samþykkir byggingaráformin. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.3 2401033 - Umsókn um framkvæmdaleyfi-Hringvegur um Eldhraun, efnistaka

##### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 190

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði heimilt að veita framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar. Sveitarstjórn fagnar öllum framkvæmdum sem tryggja aukið umferðaröryggi.**

AK  
Sni BHS  
JG- GS



1.4 2401032 - Ásar 1

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 190**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst og fái málsmeðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

1.5 2401034 - Landskipi á Efri-Hraunbæ B

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 190**

Skipulags gerir ekki athugasemdir við erindið og leggur til við sveitarstjórn að landskiptin verði samþykkt.

Jóhannes Gissurarson, véc af fundi undir þessum lið. Björn Helgi Björnsson, stýrði fundinum undir þessum lið.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að undirrita eyðublöðin.**

1.6 2401035 - Stofnun vegsvæðis úr landi Teygingalæks

**Niðurstaða Skipulagsnefnd - 190**

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun skipulagsnefndar.**

**Fundargerðir til kynningar**

2. 2401020 - Íþróttá- og tómstundanefnd

*Lögð fram fundargerð 85. fundar nefndarinnar, frá 18. desember 2023.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

3. 2401018 - Fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafiréttar

*Lögð fram fundargerð nefndarinnar, frá 19. desember 2023.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

4. 2401019 - Fjallskilanefnd Álftaversafiréttar

*Lögð fram fundargerð nefndarinnar frá 17. desember 2023. Tekið var tillit til óska nefndarinnar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir ári 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

5. 2401021 - Ungmennaráð Skaftárhrepps

*Lögð fram fundargerð ráðsins frá 19. desember 2023.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

sh: BHS  
gg. GOS  
AK



6. 2401009 - Foreldrafélag Kirkjubæjarskóla á Síðu  
*Lögð fram fundargerð aðalfundar Foreldrafélags Kirkjubæjarskóla á Síðu, frá 30. nóvember 2023.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
7. 2401029 - Kirkjubæjarstofa ses.  
*Lögð fram fundargerð stjórnar Kirkjubæjarstofu, þekkingarseturs, frá 1. nóvember 2023.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
8. 2401030 - Kirkjubæjarstofa ses.  
*Lögð fram fundargerð stjórnar Kirkjubæjarstofu, þekkingarseturs, frá 4. janúar 2024.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
9. 2401010 - Almannaþingarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu  
*Lögð fram fundargerð 4. fundar almannaþingarnefndar, frá 20. desember 2023.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
10. 2401005 - Samstarfshópur um fyrirhugaða friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs  
*Lögð fram fundargerð, samstarfshópsins, frá 10. janúar 2024.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
11. 2401003 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)  
*Lögð fram fundargerð 604. fundar stjórnar SASS, frá 8. desember 2023.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
12. 2401004 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)  
*Lögð fram fundargerð 605. fundar stjórnar SASS, frá 12. janúar 2024.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

sh  
BHS  
1535



13. 2401011 - Vatnajökulsþjóðgarður

*Lögð fram fundargerð 113. fundar svæðisráðs vestursvæðis, frá 18. desember 2023.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

14. 2401015 - Samtök orkusveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 68. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, frá 10. janúar 2024.*

**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

15. 2401027 - Kjör í fastanefndir sveitarfélagsins

*Oddviti gerir grein fyrir málinu.*

**Bréf barst frá Kjartani Magnússyni, dagsett 23. janúar 2024, þar sem hann baðst lausnar frá setu í kjörstjórn Skaftárhrepps.**

**Oddviti lagði til að Þórunn Júlíusdóttir, yrði aðalmaður í kjörstjórn í stað Kjartans og að varamenn myndu færast upp um eitt sæti og 3 varamaður yrði Gunnar Vignir Sveinsson. Tillaga oddvita samþykkt samhljóða.**

**Oddviti lagði til að Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, yrði aðalmaður í Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla í stað Sveinbjörns Sveinssonar, sem misst hefur kjörgengi sitt og að Auður Eyþórsdóttir verði varamaður sömu nefndar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu.**

**Öðrum breytingum á nefndum er frestað þar til breytingar á Samþykktum Skaftárhrepps um stjórn og fundarskóp, liggja fyrir.**

16. 2401016 - Refaveiði

*Sveitarstjóri, leggur fram umsóknir veiðimanna á vetrarveiði á ref.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að samið verði við Bjartmar Sigurðsson, Björn Helga Snorrason, Pál Símon Oddsteinsson og Gunnar Vigni Sveinsson um vetrarveiði á ref. Enn er hægt að sækja um leyfi til vetrarveiði.**

Björn Helgi Snorrason, vék af fundi undir þessum lið

*J.S. Hv  
Sni BHS  
GRS*



17. 2401006 - Menningarhús, Erróstofa, félagsmiðstöð og fleira.

*Sveitarstjóri leggur fram, tillögur að menningarhúsi.*

Sveitarstjóri lagði fram teikningar af menningarhúsi Skaftárhrepps. Menningarhúsið er hannað þannig að sköpuð verði góð skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að kynna framlagðar hugmyndir fyrir menningarmálaráðuneyti. Fyrirhuguð kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins í framkvæmdinni er 40% á móti 60% hlut ríkisins líkt og við byggingu annarra menningarhúsa á landsbyggðinni.

18. 2401022 - Starfsmannamál

*Sveitarstjóri gerir grein fyrir málinu.*

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa Dóru Esther Einarsdóttur sem leikskólastjóra við Heilsuleikskólann Kærabæ til og með 30. apríl 2024.

Sveitarstjóri lagði til að leikskólanum yrði lokað klukkan 15:00 frá og með 6. febrúar næstkomandi, út febrúarmánuð, eða þar til starfsfólk fengist til vinnu. Tillaga sveitarstjóra samþykkt samhljóða.

Oddviti óskaði eftir að fundinum yrði lokað undir öðrum málum undir þessum dagskrálið.

Niðurstaða fundarins færð í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

19. 2401017 - Færsla hringvegur um Mýrdal

*Oddviti leggur fram umsögn Skaftárhrepps vegna færslu hringvegur um Mýrdal.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkti samhljóða, eftirfarandi umsögn vegna færslu hringvegur um Mýrdal:

Langar vegalengdir og einsleitt samgöngukerfi einkenna aðstæður þeirra íbúa sem byggja suðaustur hluta landsins. Lengst af var hér í Skaftafellssýslum um að ræða einn einangraðasta hluta landsins þar sem fjölmörg stórfljót takmörkuðu verulega langferðir og hafnlaus suðurströndin bauð hvorki upp á samgöngur né flutninga um sjóleiðina nema í afar takmörkuðum mæli. Til eru fjölmargar sagnir frá fyrri tíð af afar tvísýnum ferðalögum þar sem oft var teft á tæpasta vað.

Segja má að opnun hringvegarins árið 1974 hafi rofið þessa einangrun og í framhaldinu hófst tímabil mikilla samfélagslegra breytinga með uppbyggingu ferðapjónustunnar, sem vart sér fyrir endann á. Þjóðvegur 1, sjálfur hringvegurinn um Ísland, eina samgönguleiðin hér um suðaustanvert landið leikur þar aðalhlutverkið, en um hann fara þúsundir ferðamanna dag hvern auk annarrar hefðbundinnar umferðar.

sh  
BHS  
GSS  
AK  
JH



Það veldur því sveitarstjórn Skaftárhrepps afar miklum vonbrigðum að sjá leiðarval Vegagerðarinnar, valkost 4/4b, í umhverfismatsskýrslu vegna færslu hringvegur í Mýrdal. Þar sem lagt er til að þjóðvegurinn færist norður fyrir Víkurþorp og þar með gerð framlenging á þeim erfiða kafla sem vegurinn frá Gatnabrún og til Víkur er.

Einnig er vert að benda á að leiðarval Vegagerðarinnar er ekki í takti við þau markmið sem sett voru fram í matsáætlun vegna framkvæmdarinnar sem kom út árið 2021. Þar sem kom fram að stefnan væri að nýr vegur yrði greiðfær og öruggur láglandisvegur. Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni er unnið áfram eftir sömu markmiðum og því verður það að teljast vonbrigði að Vegagerðin hafi komist að þessari niðurstöðu við leiðarval.

Að framansögðu er það mat sveitarstjórnar Skaftárhrepps að greiðar og góðar samgöngur í Mýrdal skipti íbúa og atvinnulíf í Skaftárhreppi afar miklu máli og raunar er það svo að þær varða almannahag. Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur því eðlilegt og jafnframt afar mikilvægt að öruggasti og greiðfærasti kosturinn verði valinn.

Því skorar sveitarstjórn Skaftárhrepps á Vegagerðina að vinna eftir sínum eigin markmiðum um greiðan og öruggan láglandisveg, sem er samkvæmt umhverfismatsskýrslunni nýr láglandisvegur um Mýrdal með jarðgöngum í gegnum Reynisfjall.

20. 2401008 - ÍSOR

*Sveitarstjóri, leggur fram minnisblað frá ÍSOR vegna jarðhitaleitar í Skaftárhreppi.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða, þá kostnaðaráætlun ÍSOR, fyrir samantekt gagna og tillögur að næstu skrefum eins og fram kemur í framlögðu minnisblaði.**

21. 2401024 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram bréf, dagsett, 8. janúar 2024, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa þorablóttinu á Kirkjubæjarklaustri.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

22. 2401025 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram bréf, dagsett, 16. janúar 2024, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa Hótel Laka ehf.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

*Swi  
BHS  
GR  
7.6.*



23. 2401026 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram bréf, dagsett, 9. janúar 2024, vegna umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi til handa Tunguseli.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

Auður Guðbjörnsdóttir, vék af fundi undir þessum lið.

**Mál til kynningar**

24. 2401007 - Fjölmiðlaskýrslur 2021, 2022 og 2023

*Sveitarstjóri, leggur fram fjölmiðlaskýrslur fyrir Skaftárhrepp, vegna árána 2021, 2022 og 2023.*

**Lagt fram til kynningar.**

25. 2401001 - Málefni heimavistar FSu

*Lagt fram bréf, dagsett, 16. janúar 2024, vegna málefna heimavistar við FSu.*

**Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, harmar þá stöðu sem upp er komin vegna heimavistarmála hjá Fjölbrautarskóla Suðurlands.**

**Leita verður allra leiða til að leysa heimavistarmál með skammtímalausn til að byrja með og jafnframt til framtíðar.**

**Skammtímalausnin væri að leigja húsnæði annað hvort núverandi aðstöðu eða aðra sambærilega. Það sætir furðu ef ekki er hægt að ná samkomulagi um núverandi húsnæði. Langtímalausnin væri svo að skólinn ætti og ræki eigið húsnæði sem heimavist**

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur áherslu á að allir nemendur eiga jafnan rétt til náms.**

26. 2401002 - Samband íslenskra sveitarfélaga

*Lagt fram bréf, dagsett, 10. janúar 2024, þar sem boðað er til XXXIX landsþings sambandsins, þann 14. mars næstkomandi.*

**Lagt fram til kynningar.**

27. 2401012 - Landsfjórðungahús

*Lögð fram lokaskýrsla vegna verkefnisins Landsfjórðungahús.*

**Lagt fram til kynningar.**

*J.G. Ar  
Svi. BHS  
GES*



28. 2401013 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

*Lagt fram bréf, dagsett 12. desember 2023 frá SASS, vegna framlags SASS til verkefna á sviði inngildingar (fjölmennningar).*

**Lagt fram til kynningar.**

29. 2401014 - Samtök orkusveitarfélaga

*Lögð fram fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vegna kynningar á tillögum starfshóps um vindorku.*

**Lagt fram til kynningar.**

**Skýrsla sveitarstjóra**

30. 2401028 - Fundur 501

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum, meðal annars greindi hann frá þeim framkvæmdum sem stæðu yfir.**

Fundi slitið kl. 17.06.

  
Jóhannes Gissurarson

  
Björn Helgi Snorrason

  
Gunnar Pétur Sigmarsson

  
Auður Guðbjörnsdóttir

  
Sveinn Hreiðar Jensson